



Fundargerð

1281. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, fjarfundur
13. ágúst .2020, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Guðbrandur Einarsson, Gunnar Þórarinnsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét A. Sanders, Margét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Bygginganefnd Stapaskóla (2019110200)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfissviðs og Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður mættu á fundinn.

Lagt var fram minnisblað um stöðu mála í Stapaskóla.

Bæjarráð samþykkir viðauka um áfangaskil verksins til að tryggja að skólahald geti hafist mánudaginn 24. ágúst 2020 með fyrirvara um að verktaki leggi til raunhæfa verkáætlun um skil samkvæmt viðauka grein 3 svæði B.

Margrét A. Sanders (D) lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég óska eftir upplýsingum um fjárhagslega stöðu verkefnis vegna byggingar Stapaskóla. Hver er staðan núna og hver er hún áætluð í lokin miðað við núverandi stöðu? Hver er áætluð staða ef tekið er tillit til aukakostnaðar og aukaverka?“

Margrét Þórarinsdóttir (M) og Gunnar Þórarinnsson (Á) taka undir bókun Margrétar A. Sanders.

2. Þakkir frá félagi eldri borgara á Suðurnesjum (2020080097)

Lagt fram.

3. Fundargerð Almannaþingar Suðurnesja 7. ágúst 2020 (2020021373)

Fundargerðin lögð fram.

4. Fundargerð neyðarstjórnar 10. ágúst 2020 (2020030192)

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/neydarstjorn>

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:25